

FRÁSÖGN

af fimmta fundi sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins
í Strassborg 21.-22. nóvember 2012

Fimmti fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins fór fram í Evrópuþinginu í Strassborg 21.-22. nóvember sl. Af hálfu Alþingis sóttu fundinn Skúli Helgason varaformaður, Birgitta Jónsdóttir, Gunnar Bragi Sveinsson, Jón Gunnarsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Sigmundur Ernir Rúnarsson og Þorgerður K. Gunnarsdóttir auk Stígs Stefánssonar ritara. Fyrir hönd Evrópuþingsins sátu fundinn þingmennirnir Pat the Cope Gallagher formaður, Indrek Tarand, Søren Søndergaard, David Campbell Bannerman, Theodor Dumitru Stolojan, Zuzana Brzobohata, Petru Luhan, Paul Rübig, Anna Hedh, Catherine Stihler, Isabelle Thomas, Cristian Dan Preda og Michael Gahler.

Fundinum var stýrt af Pat the Cope Gallagher og Skúla Helgasyni. Í opunarávarpi sínu lagði Skúli áherslu á að yfirstandandi aðildarviðræður hefðu almennt séð gengið greiðlega með opnun 21 samningskafla og lokun 10. Þó lýsti hann yfir vonbrigðum með að ekki hefði tekist að hefja viðræður um krefjandi kafla eins og sjávarútveg. Þá sagði Skúli það áhyggjuefni að makríldeilan væri enn óleyst á milli Íslands, ESB, Færeyja og Noregs.

Að vanda var fjallað um samskipti Íslands og ESB undir sérstökum dagskrárlið. Stefan Füle, sem fer með stækkunarmál í framkvæmdastjórn ESB, Erato Kozakou-Marcoullis, utanríkisráðherra Kýpur og fulltrúi formennskunnar í ráðherraráði ESB, og Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður Íslands, fluttu ávörp og á eftir fylgdu umræður. Kozakou-Marcoullis lagði áherslu á að vinna að stækkun ESB væri forgangsmál hjá kypversku ESB formenskunni og að Kýpur styddi eindregið aðildarferli Íslands. Þá lagði utanríkisráðherrann áherslu á að vinna þyrfti að afnámi gjaldeyrishafta á Íslandi og að makríldeiluna yrði að leysa með uppbyggilegu samkomulagi eftir röð árangurslausra samningafunda. Stefan Füle sagði ESB eiga mikla sameiginlega hagsmuni með Íslandi á sviði endurnýjanlegrar orku, loftslagsmála og málefna norðurslóða. Þá fór hann stuttlega yfir gang aðildarviðræðna og sagði erfiða samningskafla fram undan á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar og dreifbýlispróunar. Kvaðst Füle þess fullviss að hægt yrði að ná fram viðunandi niðurstöðu í viðræðum um kaflana þannig að komið yrði til móts við hagsmuni og sérstöðu Íslands án þess að ganga gegn grunngildum eða regluverki ESB. Stefán Haukur Jóhannesson fagnaði ummælum stækkunarstjórans og sagði þörf á skapandi lausnum í erfiðustu samningsköflunum. Unnið væri í samningsafstöðu á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar auk þess sem fylgst væri grannt með endurskoðun á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB. Þar vonuðust Íslendingar til að sjá minni miðstýringu og þar með aukna svæðisvæðingu stjórnunar fiskveiða auk banns við brottkasti. Þá greindi Stefán Haukur frá vinnuhópi íslenskra stjórnvalda og framkvæmdastjórnar ESB, Seðlabanka Evrópu og AGS um afnám gjaldeyrishafta. Hópurinn væri mikilvægur til að leita leiða til að afnema höftin og ekki síður til að efla skilning aðila á þeirri stöðu sem Ísland er í á þessu sviði.

Í umræðunum sem á eftir fylgdu kynnti Cristian Dan Preda, sérstakur fulltrúi utanríkismálanefndar Evrópuþingsins um aðildarferli Íslands, drög að ályktun Evrópuþingsins um framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB um Ísland fyrir 2012. Greindi hann jafnframt frá fyrirhugaðri heimsókn sendinefndar utanríkismálanefndarinnar til Íslands í júní nk. Ragnheiður E. Árnadóttir sagði að síðustu kannanir sýndu 54% stuðning við að stöðva aðildarviðræðurnar og að mun stærri hluti þjóðarinnar væri mótfallinn því að ganga í ESB. Aðildarviðræðurnar yrðu því væntanlega stórt kosningamál. Gagnrýndi hún að sagt væri að viðræðurnar gengu vel því tímaáætlun þeirra virtist sífellt breytast. Þá spurði Ragnheiður hvort makríldeilan hindraði opnun samningskafla um sjávarútveginn. Skúli Helgason spurði um áhrif yfirstandandi endurskoðunar á sameiginlegri sjávarútvegsstefnu ESB á opnun sjávarútvegskaflans. Jón Bjarnason gagnrýndi opnun og fjármögnun Evrópustofu sem einungis

dreifði jákvæðum upplýsingum um ESB svo og þátttöku sendiherra ESB í umræðunum um Evrópumál sem væri innblöndun í innanríkismál og á skjön við Vínarsamninginn um stjórnmalasamband. Þá gagnrýndi hann þátttöku framkvæmdastjórnar ESB í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum. Spurði Jón hvort varanlegar sérlausnir sem undanskildu Ísland regluverki ESB væru í boði í yfirstandandi viðræðum. Gunnar Bragi Sveinsson gerði athugasemd við umfjöllun um landsdómsmálið í framvinduskýrslu framkvæmdastjórnar ESB um Ísland árið 2012 og spurði um tilgang slíkrar umfjöllunar. Þá sagði hann það undarlegt vinnulag að geyma erfiðustu sammingskaflana þar til síðast og spurði hverju það sætti. Þorgerður K. Gunnarsdóttir spurði hvernig stækkunarstjórinn sæi fyrir sér framgang viðræðna að afloknum kosningum á Íslandi. Sigmundur Ernir Rúnarsson lagði áherslu á að Íslendingar gætu ekki gert upp hug sinn til aðildar fyrir en aðildarsamningur lægi fyrir.

Stefan Füle sagði lítinn stuðning við ESB-aðild á Íslandi áhyggjuefni. Og að ein upplýsingaskrifstofa um ESB hefði engin áhrif í hinni stóru mynd. Hins vegar væri regluverk ESB um 13.000 síður og enginn betur til þess fallinn að miðla upplýsingum um það en framkvæmdastjórnin sjálf. Hvað varðar gang viðræðna og tímasetningu á opnun erfiðra kafla rifjaði Füle upp að hann hefði stefnt að því að opna erfiða og léttu kafla samhliða og að allir sammingskaflar skyldu opnaðir fyrir alþingiskosningar. Ljóst væri að svo yrði ekki og væri töfin bæði á ábyrgð ESB og íslenskra stjórnvalda. Um Icesave-málið fyrir EFTA-dómstólnum sagði Füle það ekki hafa neina tengingu við aðildarviðræðurnar og að framkvæmdastjórn ESB hafi ætíð stutt málflutning Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir dómstólnum. Að lokum lagði Füle áherslu á að aðildarviðræður við ESB væru ekki viðræður um regluverk sambandsins, það stæði óhaggað. Sagðist hann sannfærður um að hægt væri að finna lausnir sem kæmu til móts við hagsmuni og þarfir Íslands innan ramma þess regluverks.

Næst var fjallað um peningamálastefnu á Íslandi. Ragnheiður E. Árnadóttir sagði jafnvægi í ríkisfjármálum og hagvöxt forsendur þess að aflétta mætti gjaldeyrishöftum. Þegar kallað væri eftir nýjum gjaldmiðli þá væri það í raun ákall eftir nýrri efnahagsstefnu til að tryggja stöðugleika og hagsæld. Niðurstaða Seðlabankans væri að einungis væru tveir raunhæfir kostir í gjaldmiðilsmálum, króna og evra. Að mati AGS mun Ísland þurfa að búa við gjaldeyrishöft enn um hríð. Krónan er því ekki á förum en stefna bæri að því að uppfylla Maastricht-skilyrðin alls óháð mögulegru aðild að ESB.

Þá var umfjöllun um ástandið fyrir botni Miðjarðarhafs. Birgitta Jónsdóttir gerði grein fyrir aðdraganda þess að íslensk stjórnvöld viðurkenndu sjálfstæði og fullveldi Palestínu 15. desember 2011 að undangenginni samþykkt ályktunar Alþingis þar um. Þá greindi hún frá fyrirhugaðri tillögu til þingsályktunar um að slíta stjórnmalasambandi við Ísrael í kjölfar síðustu árása ísraelska hersins á Gaza-svæðið. Michael Gahler gerði grein fyrir síðustu ályktunum Evrópuþingsins um málefni svæðisins.

Endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB annars vegar og Íslands hins vegar var næst á dagskrá. Pat the Cope Gallagher fór yfir stöðu endurskoðunar ESB og lagði áherslu á bann við brottkasti, skyldu til að ná fram sjálfbærni í veiðum árið 2015 og kvótaframsal. Gunnar Bragi Sveinsson sagði fiskveiðistjórn á Íslandi hafa það markmið að tryggja sjálfbærni og skynsamlega nýtingu auðlinda sjávar jafnframt því að tryggja arðsemi greinarinnar. Fór hann stuttlega yfir þróun í íslenskum sjávarútvegi frá því að kvótakerfinu var komið á árið 1984 og bar saman þjóðhagslegt mikilvægi greinarinnar á Íslandi og innan ESB.

Loks var fjallað um viðbrögð ESB annars vegar og Íslands hins vegar við yfirstandandi fjármálakreppu. Skúli Helgason gerði grein fyrir þróun efnahagsmála á Íslandi síðustu misseri, samstarfinu við Alþjóðdagjaldeyrissjóðinn, aðgerðir til að taka á skuldum heimila og fyrirtækja, aðgerðir í opinberum fjármálum, jákvæðum hagvaxtarþám fyrir yfirstandandi ár og 2013, og verkefnum sem fram undan eru eins og afnám gjaldeyrishafta. Indrek Tarand og Petru Luhan fóru yfir helstu viðbrögð ESB við kreppunni.

Sjötti fundur sameiginlegrar þingmannanefndar Íslands og Evrópusambandsins er ráðgerður í Reykjavík í vikunni 18.-21. júní 2013.